

Minnisblað

Dagsetning:	15. febrúar 2021
Viðtakandi:	Samstarfsnefnd um sameiningu Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar
Efni:	Brunavarnir og almannavarnir
Skjalið sömdu:	Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson

Núverandi staða

Tvö slökkvilið eru starfandi á svæðinu Brunavarnir Austur-Húnavetninga bs. er byggðasamlag sem sinnir brunavörnum Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps. Sveitarfélagið Skagaströnd er með eigið slökkvilið og sinnir brunavörnum fyrir Skagabyggð samkvæmt þjónustusamningi.

Bæði slökkvilið eru nokkuð vel tækjum búin eftir að slökkvibifreið Slökkviliðs Skagastrandar var endurnýjuð á síðasta ári.

Slökkvilið Skagastrandar er útkallsslökkvilið og þar er enginn starfsmaður í skilgreindu starfshlutfalli. 16 slökkviliðsmenn eru á útkallsskrá.

Slökkviliðsstjóri Brunavarna Austur Húnavatnssýslu er eini starfsmaður slökkviliðsins í skilgreindu starfshlutfalli. Slökkviliðsmenn á útkallslista eru 20.

Áskoranir

Markvisst er unnið að því að auka kröfur til slökkviliða varðandi mönnun og skipulag vakta. Í reglugerð sem tók gildi 2018 eru m.a. ákvæði um bakvaktir slökkviliðsstjóra og fast skipulag á mætingu í útköll og um að slökkviliðsmenn skuli vera í skilgreindum hlutastörfum.

Á starfssvæðum með undir 5.000 íbúar skal slökkvilið að lágmarki vera mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu skipulagi.

Kveðið er á um að í þéttbýli með meira en 300 íbúa skuli vera útkallseining sem hefur í för með sér að skylt er að hafa útkallseiningu á Blönduósi og Skagaströnd.

Samstarf um þjálfun og fræðslu slökkviliðsmanna hefur ekki verið mikið en unnið er að gerð samstarfssamnings. Slökkviliðin eiga saman klippubúnað sem er í vörslu Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu. Rætt hefur verið um samstarf um bakvaktir og kanna þarf hvort sameining slökkviliða er forsenda þess að litið sé á starfssvæði þeirra sem eitt vaktsvæði skv. reglugerðinni.

Tækifæri

Helstu tækifæri í brunavörnum sem liggja í auknu samstarfi eða sameiningu slökkviliðanna eru:

- Samlegð í samstarfi um þjálfun og fræðslu
- Sameining vaktsvæða – lækkun kostnaðar
- Aukin samnýting búnaðar
- Aukin fagmennska í stjórnun og skipulagi
- Auðveldara að mæta vaxandi kröfum

- Auknir möguleikar á að taka við sjúkraflutningum og nýta samlegð af mönnun þeirra til að styrkja brunavarnirnar.
- Sterkari staða gagnvart Landsvirkjun vegna viðbúnaðar vegna Blönduvirkjunar

Staða sjúkraflutninga

- HSN sinnir sjúkraflutningum.
- Samstarfssamningur er á milli HSN og björgunarsveitarinnar á Skagaströnd sem sinnir fyrsta viðbragði ef kallað er eftir sjúkrabíl á Skagaströnd og í Skagabyggð.
- Bráðaliðþjálfun hefur ekki farið fram lengi.

Almannavarnir

Sveitarfélögin eru öll aðilar að almannavarnanefnd Húnavatnssýslna. Ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar á því fyrirkomulagi hvort sem af sameiningu sveitarfélaganna verður eða ekki.